

## REGLUGERÐ

### um opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki.

#### 1. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið birtir opinbera skrá, endurskoðendaskrá, yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa enda séu ákvæði 2. og 3. gr. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur uppfyllt.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið heldur endurskoðendaskrána. Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu senda ráðuneytinu þær upplýsingar sem eiga að koma fram í skránni.

Skráin skal einnig vera aðgengileg á ensku.

#### Innihald endurskoðendaskrárinnar.

#### 2. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar fyrir endurskoðendur:

1. Nafn.
2. Lögheimili
3. Löggildingarár.
4. Endurskoðendanúmer útgefið af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.
5. Upplýsingar um heiti félags, lögheimili, vefsetur og endurskoðendanúmer endurskoðunarfyrtækis þar sem endurskoðandi starfar, eða sem hann tengist sem meðeigandi eða á annan hátt, ef við á.
6. Upplýsingar um skráningu endurskoðanda hjá lögbærum yfirvöldum annarra ríkja, þ.m.t. nafn eða nöfn skráningaryfirvalds/a og skráningarnúmer endurskoðanda, ef við á.

#### 3. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda eftirfarandi fyrir endurskoðunarfyrtæki:

1. Heiti félags og rekstrarform.
2. Kennitölu.
3. Lögheimili.
4. Skráð heimilisfang hjá öllum starfsstöðvum endurskoðunarfyrtækis.
5. Endurskoðendanúmer útgefið af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.
6. Vefsetur endurskoðunarfyrtækis.
7. Upplýsingar um framkvæmdastjóra/forsvarsmann.
8. Nöfn eigenda og hluthafa endurskoðunarfyrtækisins, ásamt upplýsingum um starfsstöð viðkomandi.
9. Nöfn stjórnarmanna, varastjórnar og framkvæmdastjórnar endurskoðendafyrtækis, ásamt upplýsingum um starfsstöð viðkomandi.
10. Nöfn og endurskoðendanúmer allra endurskoðenda sem starfa hjá endurskoðunarfyrtækinu eða eru tengdir því sem meðeigendur eða á annan hátt.
11. Upplýsingar um aðild endurskoðunarfyrtækis að neti endurskoðunarfyrtækja og skrá yfir nöfn og heimilisföng aðildar- og eignatengdra fyrtækja.
12. Upplýsingar um skráningu endurskoðunarfyrtækis sem endurskoðunaraðili hjá lögbærum yfirvöldum annarra ríkja, þ.m.t. nafn eða nöfn skráningaryfirvalds/a og skráningarnúmer endurskoðunarfyrtækis, ef við á.

#### 4. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda upplýsingar um yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu réttinda samkvæmt 2. og 3. gr. laga nr. 79/2008 og yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með endurskoðendum samkvæmt sömu lögum.

5. gr.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður skal nafn hans fellt út af endurskoðendaskránni.

Endurskoðunarfyritæki sem uppfyllir ekki lengur skilyrði 3. gr. og/eða 4. mgr. 4. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur skal fellt út af endurskoðendaskránni.

6. gr.

Endurskoðendur og stjórnendur endurskoðunarfyritækja bera ábyrgð á að upplýsingar sem fram koma í endurskoðendaskránni séu réttar og skulu þeir staðfesta upplýsingarnar með undirritun sinni.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki skulu, án ástæðulauss dráttar, tilkynna efnahags- og viðskiptaráðuneytinu ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram koma í endurskoðendaskránni.

**Gildistaka.**

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. og 31. gr., laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, öðlast þegar gildi.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 29. apríl 2011.*

**Árni Páll Arnason.**

Helga Jónsdóttir.